

Þríhliða samningur um Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#), Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Hrönn Marinós dóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík undirrituðu 8. apríl sl. þríhliða samning sem tryggir framlag til hátíðarinnar næstu þrjú árin.

Samkvæmt samningnum skuldbindur [RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík](#) sig til að halda árlega 11 daga hátíð sem fram fer í lok september. Á hátíðinni skal sýna að minnsta kosti 30 erlendar kvikmyndir í fullri lengd og skulu þær hafa breiða menningarlega skírskotun og höfða til allra aldurshópa. Jafnframt skal hátíðin leitast við að sýna íslenskar kvikmyndir í samhengi við verkefnaval hátíðarinnar og standa fyrir kynningum og málþingum með þátttöku erlendra kvikmyndagerðarmanna.

Fimmta hátíðin hefst 25. september 2008. Á síðasta ári voru gestir hátíðarinnar yfir 20.000 og hefur hlutfall erlendra gesta aukist með hverju ári. Fjárframlag ríkis og borgar leggur grunn að frekari sókn hátíðarinnar en metnaðarfullt markmið aðstandenda er að árið 2013 verði hátíðin orðin ein helsta kvikmyndahátíð Norðurlanda.

Þorgerður Katrín sagði við þetta telfni að samningurinn markaði tímamót í samskiptum ríkis og borgar í menningarmálum í Reykjavík og að hún vænti þess að hægt verði að gera fleiri þríhliða samninga við menningarstofnanir í Reykjavík í náinni framtíð.

Menntamálaráðherra og borgarstjóri veittu einnig viðtöku heiðurslundum merktum númer eitt og tvö en heiðurslundinn er sérstök viðurkenning Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík fyrir framlag til hátíðarinnar og kvikmyndamenningar á Íslandi.



Ólafur F. Magnússon borgarstjóri í Reykjavík og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tóku við heiðurslundum númer eitt og tvö

Styrkir til menningarverkefna á Norðurlandi vestra

Á grundvelli [samnings](#) menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra sem undirritaður var árið 2007 úthlutaði [Menningarráð Norðurlands vestra](#) styrkjum til menningarverkefna þann 5. apríl síðastliðinn. Styrk fengu að þessu sinni 5 aðilar að upphæð 18,5 milljónir króna. Hæstu styrkirir 1 milljón krónur fóru til Carminahópsins í Skagafirði vegna tónverksins Carmina Burana, Grettistak vegna alþjóðlegs þings sagnamanna við Norður-Atlantshaf í Húnaþingi vestra og Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal til gerðar stafræns ljósmyndasafns um íslenska hestinn og ráðstefnu um Sauðárkrókshrossin.



Styrkhafor Menningarráðs Norðurlands vestra

Þvottahús að þýskri fyrirmynd

Árlegur samstarfsfundur starfsfólks á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum og [menntamálaráðuneytis](#) var haldinn í [Menntaskólanum í Kópavogi](#) 26. mars sl. Þátttakendur voru 70 frá 15 starfsbrautum víðsvegar af landinu. Í vetur stunda 275 nemendur nám á starfsbrautum við 18 framhaldsskóla. Á dagskrá fundarins voru

fyrirlestrar og umræður og starfsbrautin í MK var heimsótt. Margrét Friðriksdóttir skólameistari MK flutti ávarp í upphafi fundar og nemendur matvælabrautar skólans sáu um veitingar og framreiðslu.



Nemendur á matvælabraut MK bera fram hádegisverð á starfsdegi starfsfólks starfsbrauta

Eygló Ingólfssdóttir kennslustjóri starfsbrautar MK sagði frá námsferð til Berlínar þar sem kennarar kynntu sér nemendafyrirtæki sem rekin eru til að gefa fötluðum nemendum kost á raunverulegri starfsþjálfun innan skólanna. Áhersla er lögð á að nýta atvinnutækifæri sem eru innan hvers skóla. Í framhaldi af námsferðinni var ákveðið að stofna nemendafyrirtæki í MK og varð þvottahúsið fyrir valinu, sem nú heitir *Þvottahúsið Sauber*. Tíu af 13 nemendum brautarinnar taka virkan þátt í verkefninu, en vinnan í þvottahúsinu er hluti af náminu á starfsbraut.

Ásgerður Ólafsdóttir menntamálaráðuneyti sagði m.a. frá Evrópuþingi ungmenna með sérþarfir, sem haldið var í Lissabon í september 2007, og kynnti [Lissabon-ýfirlýsinguna](#) – álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar. Þá sagði hún frá tveggja ára tilraunaverkefni sem hófst sl. haust við [Kennaraháskóla Íslands](#) en það er starfstengt

diplomanám fyrir fólk með þroskahömlun. Hún sagði frá nýrri [Nord Plus](#) áætlun og frá fyrirhugaðri [ráðstefnu ADHD samtakanna](#) í september og [samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra](#).

[Sigurður Fjalur Jónsson](#) sérkennari við starfsbraut [Fjölbautaskólans í Breiðholti](#) flutti erindi um kennslufræði og nýtingu upplýsingatækni í sérkennslu. Hann sagði ávinning af gagnvirkni/margmiðlun aukast eftir því sem viðfangsefnið er fólknara. Dæmi um þetta er vefurinn [www.visiblebody.com](#) þar sem hægt er að skoða mannlíkamann í þrívídd. Sigurður Fjalur sýndi dæmi um notkun vefjarins [www.breakingnewsenglish.com](#) við enskukennslu. Þá sagði hann frá landafræðikennslu þar sem kennslubækur eftir Eddu Einardóttur kennara við [starfsbraut Fjölbautaskóla Vesturlands](#) eru notaðar sem grunnbækur og landsvæði síðan skoðuð á [Google Earth](#).

María Jónsdóttir frá [Ási styrktarfélagi](#) sagði frá [Þekkingarsetri um félagstengsl og kynimynd](#) sem var opnað í febrúar 2008. Þar er í boði ráðgjöf og námskeið ásamt útgáfu kennsluefnis sem tengist samskiptum og sjálfstýrkingu. Þekkingarsetrið er í góðu samstarfi við [Norah Fry Research Centre](#) í háskólanum í Bristol og í haust er fyrirhugað að halda ráðstefnu með gestum frá rannsóknamiðstöðinni.

Svanhildur Svavarsdóttir einhverfuráðgjafi kynnti [PAES-kerfið](#) (Practical Assessment Exploration System). Kerfið byggist á því að setja upp margar starfsstöðvar þar sem fram fer nákvæmt starfsmat og þjálfun ásamt nákvæmri skráningu á framförum. Í undirbúningi er að starfsþjálfunarstöð að fyrirmynd PAES-kerfisins verði opnuð á Íslandi.

